

Sp.

8. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á möguleikum til magnesíumframleiðslu úr sjó.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja rannsóknir um möguleika á því að framleiða í stórum stíl hér á landi magnesíum úr sjó. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni.

Greinargerð.

Tillögu samhljóða þessari fluttum við flm. á síðasta þingi, en hún kom þá ekki til umræðu. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

„Á síðustu árum hefur notkun magnesíummálma rutt sér mjög til rúns. Flugvélar og önnur farartæki og áhöld af margvíslegustu gerð eru nú meir og meir smíðuð úr magnesíum, blönduðu öðrum málum. Er það spá margra, að léttu málminir, alúminíum og magnesíum, muni á næstu árum útrýma þungum málum, svo sem járn og kopar, úr mörgum iðngreinum. Magnesíumframleiðsla hefur víðast stórauðist upp á síðkastið, enda er það mun þolnara, miðað við þyngd, en aðrir málmar, sem til greina koma. Eru mestu líkur til þess, að þessi iðnaður eigi sér glæsilega framtíð.

Þær framleiðsluaðferðir, sem vinna málminn úr sjávarvatni með aðstoð rafmagnsstraums, eru nú taldar líklegastar til frambúðar. Hráefni þau, sem til framleiðslunnar þarf, eru sjór, kalk og, eins og áður var sagt, rafmagn.

Hér á landi eru, sem kunnugt er, óvenjugóð skilyrði til framleiðslu rafmagns. Kalk er hér til víða við land í skeljasandslögum, og um sjóinn þarf ekki að spyrja. Er því líklegt, að þessi iðnaður mundi henta vel íslenskum staðháttum. Það virðist því æskilegt, að aflað verði upplýsinga um nýjustu vinnsluaðferðir á magnesíum og möguleika fyrir því að öðru leyti, að slíkur iðnaður yrði tekinn upp hér.“